

Alþingi  
Erindi nr. P 139/621  
komudagur 2.12.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 -10  
Reykjavík

Akureyri, 2. desember 2010

**Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra.**

Þskj. 298 – 256. mál.

Almennt ber að fagna þessu frumvarpi sem felur í sér flutning málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga með það að markmiði að stuðla að samþættingu félagslegrar þjónustu við íbúana og heildstæðari og betri þjónustu. Akureyrarbær hefur um árabil rekið málaflokk fatlaðra með samningum við ríkið og reynslan af því bendir til þess að raunhæft sé að stefna að ofangreindum markmiðum.

Flestar greinar frumvarpsins snúast um yfirfærsluna til sveitarfélaganna og eru eðlilegar og nauðsynlegar. Nokkrar jákvæðar nýjungar í málaflokknum er að finna í frumvarpinu s.s. að hinum fatlaða sé heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála sbr. 5. gr. og að óheimilt sé að ráða til þjónustu við fatlaða fólk sem hefur hlotið refsidóma sbr. 30. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er vísað til sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun og sagt að við framkvæmd laganna skuli tekið mið af samningnum. Í ljósi þess að hvorki er búið að fullgilda né lögfesta samninginn og ekki liggur fyrir hvaða áhrif hann hefur á þjónustukröfur og kostnað hefði verið eðlilegt að biða með að setja þetta ákvæði inn í lögin þar til heildarendurskoðun á þeim fer fram.

Í 2. gr. er fjallað um að markmið með eftirliti sé m.a. að safna og miðla upplýsingum til að tryggja samræmda þjónustu við fatlaða. Hér færi betur að tala um að tryggja það að þjónustan uppfylli gæðakröfur eða lágmarkskröfur. Draga verður í efa að æskilegt sé að samræma þjónustuna að öllu leyti þar sem slíkt getur dregið úr möguleikum sveitarfélaga til þróunar og nýsköpunar í þjónustunni út frá staðbundnum þörfum og aðstæðum. Ennfremur væri æskilegt að skýrar kæmi fram í frumvarpinu á hvern hátt er ætlunin að meta þjónustuþarfir fatlaðra einstaklinga og skiptingu þjónustunnar og fjármunanna niður á þjónustusvæði. Hver metur og á hvern hátt? Ef ekkert er fjallað um þetta í lögnum er hætt við að boltanum verði kastað á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þennan þátt.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra sé heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustunnar (14., 16. og 32. gr.). Lagt er til að skerpt

verði á þessum ákvæðum og sagt að ráðherra beri að gefa út leiðbeinandi reglur sem sveitarfélög geti tekið mið af við smíði sinna reglna.

Ýmsir þættir eru nokkuð óljósir, enn sem komið er, og snúið fyrir sveitarfélögin að sjá fyrir hvernig þessir þættir líta út eftir áramót. Kostnaður vegna húsnæðis er til dæmis mjög óljós stærð. Rætt er um sérstakan fasteignasjóð hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga en útfærsla hans liggur ekki fyrir. Sveitarfélög hljóta því að hafa ýmsa fyrirvara varðandi húsnæðisþátt yfirfærslunnar.

Ákvæði frumvarpsins um atvinnumál fatlaðra eru einnig óljós og ekkert er um mikilvægi þess að halda gæðum þjónustunnar á þessu sviði. Líta má svo á að ástæða væri til að skerpa á þessu með hliðsjón af því að framtíðarverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi atvinnumálin er ekki lokið sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði kostnað vegna vinnumarkaðsaðgerða fyrir fatlaða, vegna sérstakrar liðveislu á vinnustað eða atvinnu með stuðningi og vegna verndaðrar vinnu. Kostnaður vegna dagvistarstofnana og hæfingarstöðva verður þá líklega greiddur af sveitarfélögunum en ekkert er minnst á starfsþjálfun eða atvinnulega endurhæfingu/starfsendurhæfingu sem mjög víða er samþætt þjónusta með atvinnumálum fatlaðra. Raunar má telja eðlilegt að atvinna með stuðningi (ams) flytjist um áramót til Vinnumálastofnunar þar sem verkefni eru hliðstæð verkefnum Vinnumálastofnunar, m.a. að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006. Enn fremur má benda á að það vantar alveg að skilgreina hugtakið „vinna“ í þessu samhengi, þ.e. hvað af atvinnumálum fatlaðra flokkast undir „vinnu“. Eðlilegt þykir og lagt er til að 27. gr. laganna (16. gr. frumvarpsins) um styrki til náms og tækjakaupa fylgi öðrum atvinnumálum fatlaðra og flytjist til Vinnumálastofnunar.

Samþykkt í bæjarráði Akureyrarkaupstaðar 2. desember 2010

f.h. bæjarstjóra,

Inga Þöll Þórgnýsdóttir  
bæjarlögmaður